

Alþingi
Erindi nr. P 132/954
komudagur 22. 2. 2006.



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara heilbrigðis- og trygginganefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 21.02.2006
Tilv. 2005/0037

GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 388. mál, reykingabann, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir (132. löggjafarþing)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 6. febrúar sl., um ofangreint þingmál.

Tel ég ástæðu til þess að fagna fram komnu frumvarpi.

Ég geri ekki athugasemdir við að frumvarpið verði samþykkt óbreytt enda tel ég að í a-lið 2. gr. frumvarpsins um hálfumluft „þjónustusvæði“ sé eins og æskilegt er komið nægilega til móts við þann tæpa fimmtung fullorðinna sem enn reykir daglega en af þeim má telja að sumir eigi erfitt með að hætta reykingum alfarið, m.a. af erfðatengdum ástæðum, sbr. til hliðsjónar grein í vikuritinu *The Economist* 28. janúar 2006, bls. 78. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður unnt að gagnálykta frá 2. málslið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með þessari breytingu.

Að öðru leyti vísa ég til athugasemda í greinargerð með frumvarpinu og greinargerðar Lýðheilsustöðvar sem fylgdi því.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,

Gísli Tryggvason.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum